

Félag eldri borgara á Akureyri

11. stjórnarfundur EBAK, 4. mars 2020 kl. 13.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Birgir Björn Svavarsson, Nanna Þórsdóttir, Torfhildur Þorgeirsdóttir og Sigurður Harðarson.

Fjarverandi: Hallgrímur Gíslason ritari, Garðar Lárusson og Egill Jónsson.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund kl.13.
2. **Gestur fundarins:** Kolbeinn Sigurbjörnsson formaður uppstillinganefndar. Hann kynnti tillögur nefndarinnar um uppstillingalista fyrir aðalfundinn 2020. Samkvæmt tillögunum verður Hallgrímur Gíslason nýr formaður, aðrir nýir stjórnarmenn verða Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Friðrik Vagn Guðjónsson. Torfhildur S. Þorgeirsdóttir verður aðalmaður í stjórn. Í varastjórn verða Helgi Aðalsteinsson, Eva B. Magnúsdóttir og Sigurður Harðarson. Tillaga stjórnar að næstu uppstillinganefnd er að Gestur Jónsson og Birgir Sveinbjörnsson komi inn í stað þeirra sem fara út. Kolbeinn lagði áherslu á að miklu máli skifti að kynjaskipting sé jöfn í nefndunum. Kolbeinn kvaddi fundinn kl. 13.30 og formaður þakkaði honum störfín síðustu fjögur ár.
3. **Fundargerð** til afgreiðslu: 10. stjórnarfundur 5. febrúar 2020 samþykkt.
4. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Torfhildur og Dóra voru 5. febrúar. Þá voru afhent 10 félagsskírteini, einn hringdi til að fá upplýsingar um afslátt til eldri borgara og tveir hringdu og spurðu um leigu á salnum. Hallgrímur var 12. febrúar. Hann fékk símtöl vegna félagsskírteina og inngöngu í félagið, einnig fyrirspurn um leigu á salnum. Nanna var 19. febrúar, 5 komu með fyrirspurnir og minni háttar erindi t.d. varðandi árgjald og einn leitaði upplýsinga í sambandi við heymartæki. Margrét var 26.febrúar, 2 komu, annar vegna Ítalíuferðarinnar og hinn spurðu um árgjaldið, sá þriðji hringdi vegna árgjaldsins.
5. **Viðvera á skrifstofu:**
11. mars Sigurður, 18. mars. Torfhildur.
6. **Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um miðvikudaginn 18. mars 2020 kl. 13:00-15:00.
7. **Verkefni milli stjórnarfunda:**
 - a) Haukur ræddi viðbrögð við kröfu um skráningu rétttra eigenda félaga sem hafa kennitölu. Bókarinn hefur ekki getað gengið frá reikningum félagsins vegna anna við þessa skráningu en hann sá um að senda gögnin fyrir EBAK til Ríkis-skattstjóra.
 - b) Starfið í Bugðusíðu. Dóra sagði starfið hafa gengið vel og mikil aukning hefur orðið í aðsókn en talsvert hefur mætt á sjálfboðaliðum og þörf á að fleiri komi inn í þann hóp. Þetta er stór mál fyrir nýja stjórn.
 - c) Mikið er rætt um framtíð Punktsins. Frístundaráð hefur ályktað um Punktinn og nefnd skipuð með fulltrúa frá EBAK sem er Hallgrímur. Mjög dýrt að breyta húsnæðinu í Víðilundi og mikil óánægja bæði meðal notenda Punktsins og íbúa Víðilundar.
 - b) Hjartastuðtæki, námskeið á tækið er í vinnslu. Sölumaðurinn benti á RK hér á Akureyri og hilla undir tækið er í smíðum hjá Dóru.
 - c) Hreyfing eldri borgara, 18. febrúar kynnti Anný Björg Pálmadóttir meistaraverkefni sitt um hreyfingu aldraðra en hún gerði vefsíðuna www.eldhress.com þar sem birtar eru æfingar sem hægt er að gera í heimahúsi.

d) Starfslokanámskeið 26. febrúar. Margrét sá um kynningu á EBAK á 50 manna námskeiði hjá SÍMEY fyrir félagi í Einingu – Iðju.

8. Námskeiðahald á vorönn:

- a) Matreiðslunámskeið. Væntanlegt með vorinu en Garðar hefur haft samband við VMA.
- b) Skriðsundsnámskeið er í höndum Halldórs og búið að auglýsa það. Byrjar í næstu viku.

9. **Félagsskírteini:** Búið að afgreiða þau og félagsmönnum fjölga stöðugt, 71 kominn inn frá áramótum.

10. **Afsláttarbók:** Torfhildur talaði við Blómabúðina og Axelsbakarí sem gefa 10%. Hún sendi gögnin svo suður.

11. Þrjú utanaðkomandi erindi.

a) **Jóhann Thorarensen garðyrkjufræðingur býður 20 manna hópum** eldri borgara að koma í Gróðrarstöðina.

b) **Heilavinir.** Hulda Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur býður upp á kynningarfund um Heilavini upp í Hlíð. Margrét hefur samband við Huldu um málið.

c) **Heimþjónustan.** Þórdís Rósa Sigurðardóttir hjá búsetusviði Akureyrarbæjar óskar eftir að eiga fund með stjórn EBAK og kynna verkefni sem hún er að vinna. Býður nýrrar stjórnar.

12. Aðalfundur

a) Gátlisti - Verkaskipting stjórnarmanna

Auglýsing um aðalfundinn komin í Dagskrána. Við hengjum upp í félagsmiðstöðvunum á föstudaginn.

Endurskoðaðir reikningar undirritaðir.

Árskýrsla: Haukur Halldórsson formaður

Ritarar á aðalfundinum: Margrét Pétursdóttir og Garðar Lárusson

Nefndaskýrslur og upplýsingar um hverjir flytja komi til Margrétar.

Ath. kaffiveitingar. - kaffinefnd Margrét hefur samband við nefndina.

Dóra sér um rósirnar.

Birgir tekur á móti gestum.

b) Val tveggja fulltrúa í uppstillinganefnd: Gestur Jónsson og Birgir Sveinbjörnsson.

c) Ársreikningarnir, þar er bókarinn með spurningar um hvort félagið þarf að skila vaskskýrslu vegna veitingasölu og leigu á salnum. Athuga með skoðunarmenn reikninga: Ásgerður Snorradóttir og Baldur Guðvinsson áfram.

d) Tillaga að félagsgjaldi: Hækka í 3000 kr.

e) Tillaga um afmælisnefnd.

f) Fundarstjóri á aðalfundi: Benedikt Sigurðarson,

g) Ályktanir aðalfundar.

13. Önnur mál:

a) EBAK á 7 fulltrúa á aðalfund LEB á Selfossi þann 28. apríl nk.

b) Nanna var með erindi frá manni vegna batterís í heyrnartæki, það reyndist ekki vera hlaðið. Málinu vísað frá.

14. **Fundarslit.** Formaður sleit fundi um kl. 15.30